

Víkurlax ehf
Byggðavegi 111
600 Akureyri

Akureyri, 25. febrúar 2021
UST202001-213/S.R.B.
08.12.01

Tilkynning um ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfi fyrir landeldi Víkurlax ehf. í YstuVík, Grýtubakkahrepp

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Víkurlax ehf. vegna starfsleyfis til landeldis í YstuVík í Grýtubakkahrepp.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila þar sem hámark lífmassa má ekki fara yfir 20 tonn á hverjum tíma og ársframleiðsla 20 tonn.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 25. febrúar 2037.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson
sviðsstjóri